



**438. fundur
Þingvallanefndar
30. maí 2018**

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti miðvikudaginn 30. maí 2018 kl 11.30. Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Oddný G Harðardóttir, Páll Magnússon, Karl Gauti Hjaltason og Hanna Katrín Friðriksson. Fundinn sátu einnig Einar Á.E.Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Framkvæmdir á Haki. Nýbygging, sýning og bílastæði .
Þjóðgarðsvörður fór yfir stöðu framkvæmda á Haki sem eru að ná hámarki. Unnið er að frágangi við byggingu og sýningu en einnig við umhverfi utanhúss. Nýtt og endurbætt verslunarrými hefur verið tekið í notkun en nokkuð rask var á starfsemi þjónustu í gestastofu í apríl og maí. Framkvæmdir við anddyri er að klárast og sýningarsalur í undirbúningi. Hefja á framkvæmdir við hellulögn utanhúss á næstu vikum.
Þjóðgarðsvörður fór yfir útgönguspá frá Framkvæmdasýslu ríkisins á kostnað vegna verksins. Kostnaðaráætlun var um 599.m.kr Samkvæmt útgönguspá FSR fyrir bygginguna stendur húsið í 670. mkr sem er um 70 m.kr fram yfir áætlaðan kostnað. Helstu skýringar eru magnbreytingar í steypu og jarðvegsvinnu, meira eftirlit hjá FSR og aukinn hönnunarkostnaður eftir að áætlun var lokið.
Kostnaður við sýningu var áætlaður um 320 m.kr. en samkvæmt útgönguspá verður hún um 350 m.kr. Þar koma til viðbætur í þremur sýningaratriðum, viðbætur við hljóðvist og frágangur við rafmagn.
Þjóðgarðsvörður kynnti að fjárheimildir væru til fyrir verkinu en samþykkt var að þjóðgarðsvörður og fjármálastjóri færu til fundar við við ráðuneytið til að fara yfir stöðu fjárheimilda og halda ráðuneyti upplýstu. Þjóðgarðsvörður bendir einnig á að sýningin muni skila tekjum á næsta ári.
2. Kynning á verkefnum
 - Tilraunverkefni um nýja innheimtuaðferð við bílastæðagjöld.
Þjóðgarðsvörður kynnti breytingu á innheimtukerfi fyrir bílastæði sem tekur við af gjaldstaurum Bergrisa 1. júlí. Samningur um tilraunaverkefni er gerður við fyrirtækið Computer Vision ehf. sem hefur unnið að gjaldtöklausnum með myndavélum og er sama kerfi í notkun hjá Vatnajökulsþjóðgarði í Skaftafelli. Samingurinn er til eins árs.
 - HSU vegna neyðarviðbragðs.
Kynntur samningur við HSU vegna viðveru sjúkraflutningamanns á Þingvöllum. Þann 1. júní verður samningur við HSU undirritaður. Frá 1. júní fram til í október verður sjúkraflutningamaður staðsettur á Þingvöllum á dagvakt. HSU sinnir einnig skyndihjálparfræðslu fyrir starfsmenn og rýnir í öryggis- og viðbragðsáætlun fyrir þjóðgarðinn.

- Orka Náttúrunnar - hraðhraðhleðslustöð.
Farið yfir samningsdrög við ON um uppsetningu hraðhleðslustöðvar við þjónustumiðstöðina á Leirum. Verkið hefur tafist þar sem ekki er þriggja fasa rafmagn til staðar en óskað hefur verið eftir við RARIK að koma þriggja fasa rafmagni að þjónustumiðstöðinni. Rætt um mögulega útboðsskyldu og óskað eftir að sett verði inn í samninginn að eftir ákveðinn tíma verði rekstur slíkrar hraðhleðslustöðvar boðin út.

3. Kynning - Alþjóðasamskipti.

- Þjóðgarðurinn er aðili að norrænum samtökum heimsminjastaða. Þar er um að ræða mikilvægt tengsnet staða á heimsminjaskrá á Norðurlöndum. Tengslandetið hefur verið til frá 1995 og haldið árlega ráðstefnu um málefni heimsminjastaða á Norðurlöndum á hverju hausti. Ráðstefnan var haldin á Íslandi árið 2005 og 2016 en við það tækifæri voru formleg samtök stofnuð á Þingvöllum. Tíu fulltrúar sitja í stjórn, tveir frá hverju Norðurlandanna. Þjóðgarðsvörður er í stjórn fyrir hönd þjóðgarðsins á Þingvöllum sem varaformaður og Ólafur A. Jónsson fyrir hönd Umhverfisstofnunar.
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ásamt þjóðgarðinum Jötunheimen í Noregi og Vadehavet í Danmörku eru þátttakendur í eins árs verkefni sem styrkt er af TEG vinnuhópi norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefnið felst í að meta burðarþol mismunandi álagshópa í þjóðgördunum.

4. Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður kynnti bókun aðalfundar Árnesingafélagsins í Reykjavík að afhenda þjóðgarðinum til baka landspildu sem félagið fékk úthlutað innan þjóðgarðsins árið 1953. Lögð var tillaga fyrir aðalfund félagsins um miðjan maí að samþykka að afhenda Þingvallanefnd aftur það land sem þeir fengu úthlutað fyrir gróðursetningu árið 1953. Stór trjálundur hefur vaxið upp á þeim stað sem hefur nafnið Árnesingalundur. Þjóðgarðsvörður mun hitta hóp frá Árnesingafélaginu þann 1. júní og taka formlega við landspildunni. Þingvallanefnd bókar þakklæti fyrir höfðinglega samþykkt.

Ekki meira gert og fundi slitið.